



# Innkaupastefna Reykjanesbæjar



# Innkaupastefna Reykjanesbæjar

Reykjanesbær er við öll innkaup bundinn lögum um opinber innkaup (OIL nr. 120/2016). Það er stefna Reykjanesbæjar að innkaup sveitarfélagsins stuðli að hagkvæmni í rekstri og hvetji um leið til nýsköpunar og framsækinnar þróunar í atvinnulífi, með virðingu fyrir umhverfi og samfélagi að leiðarljósi.

Reykjanesbær vinnur að því með eftirfarandi hætti:

- Að við innkaup sé þess gætt að ákvæðum laga nr. 120/2016 og reglna er varða opinber innkaup sé fylgt í hvívetna.
- Að gætt sé jafnræðis, meðalhófs og gagnsæis í innkaupum fyrir sveitarfélagið samkvæmt 15. gr laga nr. 120/2016
- Að innkaupareglur og innkaupaaðferðir séu skýrar og gagnsæjar.
- Að beitt sé markvissum og skipulögðum vinnubrögðum við innkaup og með þeim stuðlað að hagkvæmni í rekstri og framkvæmdum sveitarfélagsins.
- Að við innkaup sé auk kostnaðar tekið tillit til gæða-, umhverfis- og mannréttindasjónarmiða. sjá 75. gr. laga nr. 120/2016
- Að stuðla að samkeppni á markaði varðandi sölu á vörum, verkum og þjónustu til sveitarfélagsins.
- Að samræma innkaup fyrir einstaka stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hagkvæmt þykir.
- Að við innkaup verði horft til annarra stefna s.s. grunnstefnu Reykjanesbæjar 2020-2030, auka annarra stefna sem samþykktar hafa verið í bæjarstjórn.
- Að öll innkaup Reykjanesbæjar taki mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.
- Að sem flestar vörur og þjónusta sem keypt eru uppfylli umhverfisvottun.

## Markmið

- Að stuðla að vönduðum, hagkvæmum og ábyrgum innkaupum Reykjanesbæjar og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem Reykjanesbær kaupir.
- Stuðla að því að Reykjanesbær hagi innkaupum sínum í samræmi við góða viðskipta- og stjórnsýsluhætti.
- Stuðla að því að almennar kröfur um stjórnfestu og fyrirsjáanlega framkvæmd, gegnsæi, jafnræði og málskotsrétt séu virtar við innkaup á vegum Reykjanesbæjar.
- Stuðla að því að innkaup Reykjanesbæjar á vörum, þjónustu og verkum leiði til virkrar samkeppni fyrirtækja á markaði og efli nýsköpun og þróun.

Samþykkt í bæjarstjórn  
Reykjanesbæjar 19. apríl 2022.